



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

18. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 7. febrúar 2025

kl. 11.30 - 13.30 í Gimli 301 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhannu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Zophonías Oddur Jónsson og Þóroddur Bjarnason. Á Teams: Hermína Gunnþórsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Afgreiðsla fundargerða.
2. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ. Framhald.
3. Staðan í kjaramálum og næstu skref.
4. Næsti fundur.
5. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 11.40.

### 1. Afgreiðsla fundargerða.

Gefinn var frestur til að koma með athugasemdir fram í miðja næstu viku. Efnislegar athugasemdir verða teknar fyrir á næsta fundi. Ef engar athugasemdir berast við fundargerð þá skoðast hún samþykkt.

### 2. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ. Framhald.

Sameiginlegur fundur FPR og Félags háskólakennara með frambjóðendum verður fyrstu vikuna í mars. Fundir með FPR með hverjum og einum frambjóðenda verða eftir miðjan febrúar.

### 3. Staðan í kjaramálum og næstu skref.

Sigrún sagði frá árangruslausum fundi samninganefndar félagsins hjá Ríkissáttasemjara þann 6. febrúar sl. Viðræður halda þó áfram og er næsti fundur áætlaður 14. febrúar. Ákveðið var að senda félagsfólki upplýsingar um stöðu mála.

### 4. Næsti fundur.

Fundurinn sem var áætlaður 21. febrúar var færður til föstudagsins 14. febrúar. Hann verður kl. 11.00 - 13.00 í Borgatúni 27.

### 5. Önnur mál.

#### a) Stefnumótunardagur BHM þann 20. febrúar 2024.

Á síðasta fundi var ákveðið hverjir mæta frá félaginu. Þóroddur bætist við eftir hádegi ásamt Sigrúnu og Lilju.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.30.

Fundarritari: LP.